

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um efnistöku úr botni Hvalfjarðar.

Ráðuneytið leitaði upplýsinga og aðstoðar Orkustofnunar við að svara fyrirspurninni.

1. *Hversu miklu af jarðefnum hefur verið dælt upp af botni Hvalfjarðar síðan efnistaka var leyfð þar?*

Í ágúst 1990 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til efnistöku á grundvelli laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Litlar upplýsingar eru í vörslum ráðuneytisins eða Orkustofnunar um efnistöku á árunum 1990 til 1999 enda voru engin ákvæði í leyfi Björgunar ehf. um upplýsingaskyldu eða skil gagna til stjórnvalda. Í skjalasafni ráðuneytisins fundust þó upplýsingar um efnistöku á tímabilinu frá september 1990 til október 1997 sem unnar höfðu verið úr dagbókum dæluskipa Björgunar ehf. Þar kemur fram að efnistaka í Hvalfirði á umræddu tímabili hafi numið 1.150.875 m³. Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ráðuneytinu ekki tekist að afla upplýsinga um efnistöku í Hvalfirði á tímabilinu frá október 1997 til desember 1999.

Orkustofnun hafa borist magntölur um efnistöku úr botni Hvalfjarðar frá Björgun ehf. fyrir árin 2000–2004. Á þessum árum hefur samtals verið dælt upp 1.906.090 m³ af efni úr botni Hvalfjarðar.

Samkvæmt þessu hefur efnistaka úr botni Hvalfjarðar frá árinu 1990 a.m.k. numið rúmum 3 milljónum rúmmetra á tímabilinum frá 1990 til 1997 og 2000 til 2004. Ef horft er til meðaltalstalna árána 1990 til 1997 má gera ráð fyrir að efnistaka hafi verið í kringum 3.500.000 m³.

2. *Er efnistaka í firðinum svæða- eða tímabilaskipt? Ef svo er, hvernig er skiptingin?*

Samkvæmt gögnum ráðuneytisins og þeim upplýsingum sem Orkustofnun hafa borist frá Björgun ehf. fyrir árin 2000–2004 hefur efnistaka fyrirtækisins farið fram á fjórum afmörkuðum svæðum í Hvalfirði. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu hefur efnistöku ekki verið skipt niður í tímabil enda var ekki gerð krafa um það í leyfi Björgunar ehf.

3. *Hefur farið fram vistfræðilegt eftirlit á svæðinu og ef svo er, hvernig hefur því verið fylgt eftir?*

Af hálfu opinberra aðila hefur ekki farið fram vistfræðilegt eftirlit með efnistökusvæðinu í Hvalfirði. Leyfi Björgunar ehf. frá árinu 1990 var eingöngu háð því að fyrirtækið gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar vegna efnistökkunnar. Ekki var nánar kveðið á um með hvaða hætti það skyldi gert.

Í greinargerð til umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um jarðefnanám á Faxaflóa, sem unnin var af Hjalta J. Guðmundssyni, Sigurði Ásbjörnssyni og Svövu Steinarsdóttur í október 2000, er kafli um áhrif efnistöku á lífríki. Þar kemur m.a. fram að engar vísindalegar rannsóknir hafi farið fram á áhrifum efnistöku í Faxaflóa á lífríkið. Þörf fyrir slíkar rannsóknir hafi margoft verið rædd hjá Hafrannsóknastofnuninni og Líffræðistofnun Háskóla

Íslands, enda brýn nauðsyn talin á því að þær fari fram, en fjárskortur hafi hamlað verkinu. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafi hins vegar farið með dæluskipum út á efnistökusvæðin og séð lifandi skeljar og dýr í því seti sem dælt var upp.

4. Hefur orðið veruleg breyting á einstökum botnsvæðum í firðinum?

Breytingar á einstökum botnsvæðum hafa ekki verið rannsakaðar og því liggja ekki fyrir upplýsingar til að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

5. Verður áfram leyfð efnistaka án skoðunar á botnsvæðum?

Björgun ehf. hefur hafið undirbúning þess að sækja um endurnýjun leyfis efnistöku af hafsbotni á 17 svæðum í Kollafirði með tilkynningu til Skipulagsstofnunar, dags. 23. nóvember 2005. Í sama bréfi kemur fram að í næstu framtíð verði útbúin og lögð fram tilkynning varðandi efnistöku í námum í Hvalfirði og síðar um efnistöku í Faxaflóa.

Í því stjórnisýsluferli sem hafið er varðandi efnistöku Björgunar ehf. í Kollafirði mun koma í ljós hvort ráðist verður í skoðun á botnsvæðum í Kollafirði og að öðru jöfnu mun það sama eiga við í Hvalfirði þegar sótt verður um endurnýjun leyfis þar.